

AUGLÝSING

um óverulega breytingu deiliskipulags Landeyjahafnar, Rangárþingi eystra.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkt eftirfarandi breytingu deiliskipulags:

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Landeyjahafnar.

Breytingin felur í sér að gert er ráð fyrir 22 m löngum viðlegukanti við norðurenda hafnarinnar fyrir dýpkunarskip ásamt athafnasvæði og aðkomuvegi þar að. Gert er ráð fyrir steypum rampi norðan við ferjubryggju, sem notast til sjósetningar minni báta. Gert er ráð fyrir flotbryggju við suðurhluta svæðisins fyrir björgunarbát. Gert er ráð fyrir allt að 15 m radarmastri norðaustan við viðlegukant. Útsýnisstaður austan við þjónustubyggingu er felldur út, staðsetning útsýnis- og dvalarsvæðis á syðri hafnarkanti færð til og gönguleiðir endurskoðaðar til samræmis.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 6. desember 2012.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,
Anton Kári Halldórsson byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2012